

Mál nr. 28/2020**M og
V vegna ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B****Ágreiningur um biðskyldu vegna áreksturs hinn 3. janúar 2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 16.01.2020 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 07.02.2020.

Málsatvik.

Hinn 3. janúar 2020 varð árekstur milli ökutækja A og B, sem M ók umrætt sinn, við gatnamót Mýrarvegur og Víðilundar á Akureyri. Ökumenn fylltu úr tjonstilkynningu, en framhlið hennar er einungis undirrituð af ökumanni A, þar sem B var ekki sammála afstöðuteikningu. Ökumaður A lýsir atvikum í tjonstilkynningu svo að hann hafi ekið Mýrarveg til suðurs þegar hann tók eftir að bifreið B var ekið út frá Víðilundi og virtist ætla að „svína“ fyrir hann. Hafi hann þá sveigt frá og framhjá afturhlið bifreiðar B í þeim tilgangi að forða árekstri. Hafi bifreið A þá snert bifreið B með hliðarspegli bílstjórægin. Hins vegar hafi bifreið A ekki rekist á stuðara bifreiðar B, enda hefðu þá orðið meiri skemmdir á bifreið A. Í tjonstilkynningu tekur ökumaður B hins vegar fram að bifreið A hafi verið á mikilli ferð og hvorki ekið í samræmi við færð né aðstæður. Bifreið B hafi verið kyrrstæð gegn biðskyldu meðan bifreið A var enn í nokkurri fjarlægð. Þá vísar M til þess að vitni hafi verið að atvikinu.

Nokkrum klukkustundum eftir áreksturinn tilkynnti M um atvikið til lögreglu. Þar bar hann að B hefði verið kyrrstæð á biðskyldu þegar bifreið A hafi komið á mikilli ferð og stefnt á hliðina á B. Hafi hann ekið áfram til að forða árekstri en A þá ekið á afturstuðara B og að lokum hafnað á verönd við Víðilund 1 og setið föst þar. Lögregla hafði jafnframt samband við farþega í B, sem bar að B hefði dregið úr hraða, en ekki staðnæmst, við biðskyldu þegar A hafi stefnt á B. B hafi þá ekið af stað til að forða árekstri. Lögregla hafði einnig samband við ökumann A sem lýsti atvikum svo að bifreið B hefði verið komin út á Mýrarveg og hann hafi talið að ökumaður hennar „væri að svína á sig“ og því beygt til hægri til að forða árekstri með fyrrgreindum afleiðingum.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem lagði alla sök á ökumann B, M, sem hefði ekki virt forgang umferðar um Mýrarveg, sem gefin væri til kynna með biðskyldumerki.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur ökumann A bera alla sök á árekstrinum. Máli sínu til stuðnings leggur hann m.a. fram ljósmyndir er sýni aðstæður á vettvangi, m.a. að skert útsýni hafi verið frá biðskyldumerki og norður Mýrarveg vegna snjóskafis og ljósmyndir af hjólförum er styðji við frásögn hans af atvikum.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit:

Ökumönnum ber ekki að fullu saman um atvik við áreksturinn eða afleiðingar hans og voru ekki sammála um hvernig afstöðuteikning á framhlið tjonstilkynningar skyldi vera. Þar sem þessi ágreiningur er uppi er ördugt að átta sig á afstöðu ökutækjanna fyrir árekstur, þ.á.m. hvar bifreið A var staðsett þegar B ákvað að keyra af stað í þeim tilgangi „að forða árekstri“. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má þó ráða að aðstæður hafi ekki verið eins og best varð á kosið. Þannig má ráða að snjóskafi hafi byrgt útsýni yfir Mýrarveg og að ökumaður B hafi af þeim orsökum þurft að aka út á Mýrarveg til að gá að annarri umferð. Þá virðist einnig sem bifreið A hafi verið ekið á töluverðum hraða og e.t.v. ekki að öllu í samræmi við aðstæður, en það má ráða af því að hún hafnaði í snjóskafi utan vegar í kjölfar árekstrar. Verður því á því byggt að ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlega að ákvæðum 1. og 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um aðgát við vegamót og forgang sem gefinn

er til kynna með biðskyldumerki. Ber hann því nokkra sök á umræddum árekstri. Jafnframt verður að telja að ökumaður bifreiðar A hafi ekki gætt nægilega að því að miða akstur sinn við aðstæður, samanber 1. og 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga, Af öllu framansögðu, svo og því ágreiningur er að öðru leyti uppi um atvik málsins og staðsetning ökutækja í aðdraganda árekstrar liggur ekki fyrir, þykir rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.